

**Ed.**

**643. Nefndarálit**

[317. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin ræddi frumvarpið á fundi sínum í morgun og komu til viðtals við hana: Tómas Árnason og Bjarni Bragi Jónsson Seðlabanka, Már Elísson Fiskveiðasjóði, Davíð Gunnarsson Ríkisspítölunum, Gunnlaugur Sigmundsson Próunarfélagi Íslands, Gunnar Þorsteinsson Verðlagsstofnun, Halldór Jónatansson, Jóhann Már Maríusson og Örn Marinósson Landsvirkjun, Eggert G. Þorsteinsson Tryggingastofnun, Magnús Guðjónsson og Sigurgeir Sigurðsson Sambandi ísl. sveitarfélaga, Sigurður Guðmundsson og Hilmar Þórisson Húsnæðisstofnun og Þórður Friðjónsson Þjóðhagsstofnun. Með nefndinni störfuðu Gunnar Hall Fjárlaga- og hagsýslustofnun og Bolli Bollason fjármálaráðuneyti.

Tilgangurinn með frumvarpinu er annars vegar að styrkja stöðu útflutnings- og samkeppnisgreina og hins vegar að draga úr viðskiptahalla og erlendri skuldaskyldun. Liður í því er 6% gengislækkun, en jafnframt er kostnaðarliðum létt af þessum atvinnugreinum með niðurfellingu launaskatts frá 1. júlí nk. og endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts til fyrirtækja í fiskvinnslu og útgerða skipa sem greiðsluskyld eru til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, þó ekki til sjófrystingar og útflutnings á óunnum fiski, auk annarra aðgerða. Þessar ráðstafanir kosta ríkissjóð um 800 millj. kr., en þessum tekjumissi er mætt með lækkun útgjalda og með því að afla ríkissjóði nýrra tekna. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarfélögin taki að sínum hluta þátt í þessum aðgerðum með því að lögfestingu frumvarpsins um verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er slegið á frest. Með því er haldið fast við það markmið að ríkissjóður verði rekinn án halla á árinu.

Stefnt er að því að draga úr erlendum lántökum á árinu með 300 millj. kr. lækkun á erlendum lántökuheimildum og tvöföldun lántökugjaldsins sem fellur niður um næstu áramót.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og mun minni hl. skila séráliti. Meiri hl. mælir með samþykkt frumvarpsins.

Ingibjörg Daniélsdóttir sat fund nefndarinnar.

Jóhann Einvarðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. mars 1988.

Halldór Blöndal,  
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,  
fundaskr.

Valgerður Sverrisdóttir.

Eiður Guðnason.